

179

7. nóv.

## VIÐAUKAREGLUGERÐ

við reglugerð frá 2. október 1940 um sölu og veitingar áfengis, er um ræðir í lögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 og lögum nr. 3 frá 4. apríl 1923.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefir inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu brezka setuliði hér á landi.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annara en umboðsmanna yfirstjórnar brezka setuliðsins hér á landi.

3. gr.

Fyrst um sinn, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið, greiðist framleiðslutollur af öli þessu samkvæmt 4. kafla 3. töluliðs 2. greinar laga nr. 60 1939 um gjald af innlendum tollvörutegundum og fer um innheimtu gjaldsins samkvæmt tédum lögum, sbr. reglugerð nr. 9 1935.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manning hvor til að hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Fyrir brot gegn ákvæðum laga 29. október 1940 og ákvæðum þessarar reglugerðar skal refsast samkvæmt 15. grein laga nr. 33 9. janúar 1935, sbr. 33. gr. sömu laga.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt bráðabirgðalögum frá 29. október 1940 um breyting á áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

180

11. nóv.

## REGLUR

um viðskipti talstöðva í landi (og í eyjum).

Mið tilliti til ástandsins í landinu eru hér með settar eftirfarandi bráðabirgðareglur um viðskipti milli talstöðva í landi (og í eyjum), hvort heldur eru lands- símastöðvar eða einkastöðvar:

1. Öll samtöl við einstaklinga eða talstöðvar í landi (og í eyjum) eru bönnuð.
2. Öll viðskipti slíkra talstöðva fari fram í skeytaformi og afrit af skeytunum sendist póst- og símamálastjórninni strax eftir hver mánaðamót.
3. Öll viðskipti frá slíkum talstöðvum fari aðeins fram á 188 metra öldulengd.
4. Dulmál og símnafni í einkatalskeytum eru bönnuð.

5. Í viðskiptunum mega talstöðvarnar ekki gefa neinar upplýsingar um veður nema í hinum umsömdu veðurathugunarskeytum til veðurstofunnar. 180  
11. nóv.
6. Fullt nafn sendanda skal vera undir hverju einkaskeyti.
7. Í hvert skipti, sem talstöð kallar, skal hún nefna greinilega nafn staðarins, sem hún er á, t. d. Flatey á Breiðafirði, Horn o. s. frv.

Póst- og símamálastjórnin, 11. nóvember 1940.

Guðmundur Hlíðdal.

G. Briem.

Staðfesting ráðuneytis Íslands á skipulagsskrá fyrir „Hjónasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps“, útgefin á venjulegan hátt 13. nóv. 1940 af dóms- og kirkjumálaráðherra. 181  
13. nóv.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hjónasjóð Bólstaðarhlíðarhrepps.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Hjónasjóður Bólstaðarhlíðarhrepps og er heimili hans og varnarping í Bólstaðarhlíðarhreppi.

### 2. gr.

Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun og má aldrei blanda honum saman við sveitar- sjóðinn né nokkurn annan sjóð eða stofnun. Skal hann ávaxtast í sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum jafntryggjum stað. Ákvæðum þessarar greinar má aldrei breyta.

### 3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru börn hjónanna Þorkels Þorkelssonar og Engilráðar Sigurðardóttur frá Barkarstöðum.

Upphæð sjóðsins var við árslok 1936 kr. 1257.42.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að ræktun nytjajurta í Bólstaðarhlíðarhreppi.

### 5. gr.

Verja skal árlega vöxtum til verðlauna til þeirra manna, sem tilraunir gera með hvers konar kornrækt eða ræktun annara nytjajurta, sem miða til að auka heimafengið fóður, hvort heldur er handa mönnum eða skepnum, þar með skal telja drykkjurtir, sem geta komið í stað erlendra drykkjurtu, svo sem kaffis og tegrasa.

Ef um engar slíkar tilraunir er að ræða innan hreppsins, má veita verðlaun fyrir trjárækt, hvort heldur er heima við bæi eða utan garða og runna, er gefa af sér holl og heilnæm ber.

Virðist stjórn sjóðsins ekki ástæða til að veita slík verðlaun, leggjast vextirnir við höfuðstólinn.